

4. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

10. maí 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Sara Sigurðardóttir (SS) og Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM).

Fundur settur 18:09

Dagskrá:

1. **Fundargerð 3. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Heimasíða og lógó:** ÓHH kynnir núverandi útlit heimasíðunnar og hugmynd af nýju lógói. Honum var falið að halda áfram með hugmyndavinnuna.
3. **Verkefnastjórnunarforrit:** SHB leggur til að stjórnin noti Trello til að halda utan um starfið og þau verkefni sem framundan eru og var sú tillaga samþykkt. TI var falið að senda upplýsingar um notkun þess á stjórn.
4. **Fjármál:** TI kynnir uppkast að rekstraráætlun og greinir frá að samkvæmt samningi þarf að skila henni ásamt framkvæmdaáætlun til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. SHB lagði til að hann og MÖÓ vinni áfram með uppkastið og að áætlunin verði lögð til samþykktar rafrænt. Var sú tillaga samþykkt.
5. **Vinnureglur stjórnar:** SHB greindi frá að miðað við uppkast að rekstraráætlun er því miður ekki fjárhagslegt rými til þess að koma til móts við stjórnarmeðlimi sem búa utan höfuðborgarsvæðisins með bensínkostnaði. Þá lagði hann til að í stað þess að setja ákvæði í vinnureglur sem félagið mun ekki getað uppfyllt yrði greiðslugetan metin seinna á starfsárinu. TI lagði til að fresta umræðunni þar til á næsta stjórnarfundum þannig að GAM hafi færi á að taka þátt.
6. **Leiðtogaskólinn:** Umsókn til CoE er í ferli hjá ráðinu með breytingum á fjárhagsáætlun og beðið er eftir samningi. Af þeim ástæðum verður skólinn með breyttu sniði í ár og næstu skref eru að senda út skoðanakönnun á fulltrúaráð sem ákveður hvaða námskeið verða kennd á árinu.
7. **#ÉgKýs:** Leyfi fyrir eftirfylgnirannsókn hefur verið samþykkt af ráðuneytinu, spurningalistar hafa verið sendir út á alla framhaldsskóla og þátttakan hefur farið langt fram úr væntinum. TI lagði til að fresta útgáfu lokaskýrslu verkefnisins þar til niðurstöður liggja fyrir og var sú tillaga samþykkt.
8. **Verkefni um stefnumótun ásamt úttekt á stöðu aðildarfélaganna:** TI hefur sent inn umsókn til EUF.
9. **Málefni ungra innflytjenda:** Velferðaráðuneytið hefur samþykkt beiðni félagsins um að nýta eftirstöðvar styrks í að gefa út opinbera skýrslu og að lokaskýrslu verði skilað fyrir lok sumars. TI var falið að hafa samband við jafnréttisdeild starfsársins 2016-2017 og upplýsa hana um framvinduna.
10. **Aldurstakmörkun ríkisskattsstjóra:** LUF vinnur sameiginlega yfirlýsingu með Barnaheill og Umboðsmanni barna vegna aldursmismunun og broti á réttindum barna.
11. **Umsagnir:**

- a. [Umsögn](#) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 hefur verið send á nefndarsvið Alþingis.
- b. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent LUF til umsagnar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna sem óskað er að berist eigi síðar en 19. maí. UH og TI var falið að útbúa drög og senda á stjórn fyrir hádegi þann 17. maí.

12. Alþjóðamál:

- a. LMJ var kjörin inn í „**Advisory Council on Youth** to the CoE“ og lagði fram skýrslu til stjórnar um **COMEM**.
- b. SHB lagði fram skýrslu um **EU Youth Conference** í Möltu.
- c. **Alþjóðanefnd:** LMJ mun setja upp umgjörð um vinnu nefndarinnar og þróa hana áfram.
- d. Svava Arnardóttir fulltrúi JCI í fulltrúaráði og meðlimur nýrrar alþjóðanefndar verður fulltrúi LUF í Danmörku á „**Nordic Implementation of the SDGs**“.
- e. **Alþjóðleg ráðstefna:** TI hefur sent inn umsókn til Nordbuk til að halda ráðstefnu í Janúar 2018.

13. Nafnabreyting: UMFÍ sendi LUF áskorun um að breyta um nafn. Ekki var samþykkt að taka henni.

14. Næsti fundur: Miðvikudaginn 17. maí kl. 18:00.

15. Önnur mál: Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:30.

UH ritaði fundargerð.